

Fundur 20.11.2023 Marteinn Luther King.

Góða kvöldið.

*Gott kvöld og velkomin.*

Gleður það mig aftur að komast í samband við ykkur og fögur er drottins sköpun og ætíð er ég jafn hissa og agndofa yfir því hversu margir eru droparnir í úthafi heimsins og mynda þeir stórt úthaf og ekki hægt að sjá endimörk sköpunarinnar.

Og hef ég margsinnis hugsað til æskustöðva minna á gömlu jörðinni og þótti mér það mikill viðburður þegar mér tókst að ná sambandi við ykkur og sakna ég oft æskustöðvanna og hefði ég vafalaust heimsótt fleiri lönd hefði mér gefist á því kostur.

Ég er fullur af auðmýkt og þakklæti yfir því trausti sem mér hefur verið sýnt að fá þennan mikilvæga starfa á þessari framlífs jörð sem ég gegni og hef ég þó ekki farið varhluta af gagnrýni og sumir sakað mig um embættis hroka og margskonar misferli í starfi, en það tilheyrir víst bara starfinu og kippi ég mér ekki upp við það.

Þykir mér Ísland stórt land í andlegu samhengi þegar ég hugsa til þess hversu marga hnetti við höfum talað við, þar sem Íslendingum er borin vel sagan og sagt að þeir séu brautryðjanda land í samböndum framlifenda við frumlifendur og framfara jarðirnar þar sem þekkingin er á háu stigi og kærleikurinn og Drottins sköpun mikils virt og hægt að halda aftur af helstefnu öflum tilverunnar.

Höfum við þurft að gera margskonar endurbætur á okkar trúarlífi á þessum hnetti og hefur kirkjan okkar ekki farið varhluta af gagnrýni þeirri sem var byrjuð á gömlu jörðinni og hef ég einnig fengið fréttir af margskonar spillingarmálum á gömlu jörðinni og minna þau einnig á spillingarmál sem komið hafa upp hjá okkur.

Ég gegni mínu veraldlega hlutverki vissulega á þessari jörð, en þó gegni ég einnig mínu andlega hlutverki og er í fullu samstarfi við trúbræður mína og hefur okkur margsinnis verið sagt það að velmegun okkar og farsæld sé bundin við það að velmegun gömlu jarðarinnar megi einnig haldast og ekki takist helstefnu að hafa þar neikvæð áhrif.

Höfum við átt í harðvítugum deilum og mildilegum til skiptis við aðrar trúardeildir og trúarhópa á okkar landi og innan okkar kirkjudeilda einnig verið deilur og veit ég fullvel að guð okkar er sakaður um fólksuverk en ætla ég nú ekki að fara út í það að sinni, er ég ekki fær um að fara út í svo erfitt mál, það myndi taka burt orkuna og spilla fyrir sambandi mínu hér í kvöld.

Ætla ég að vonast til þess að samband mitt hér í kvöld verði hins vegar til þess að liðka fyrir friðsamlegum samskiptum stjórnmála aflanna stóru og miklu í mínu heimalandi, sem því miður,

Er að missa þráðinn, sá mikli klofningur er að miklu leiti komin til vegna deilna kynþáttanna og vil ég gjarnan verða til þess að brúa það bil og styðja mann frelsisins og kristninnar, Donald Trump og vil ég að hann nái kjöri og kristin trú, sambandið er að dvína, ég vil gjarnan segja nafn mitt.

Ég er hér mjög öflugur í framlífi og þótti mér vænt um að fá samband við ykkur, gott samband fyrir nokkrum árum og finnst mér Íslendingar vera fordómalausir og góð þjóð af því leiti sem ég hef skynjað til þeirra.

Gegni ég hér hlutverki forseta en var ég trúarhöfðingi Marteinn Luther King.

*Já velkominn, heill og sæll. Já mér datt það í hug undir lokin.*

Er nú orkan farin að minnka en kom ég ekki öllu að, en finnst mér þó gott að ég kom einhverju að og hef ekki sagt frá vandamálunum, deilum, nokkurs konar stríðsástand hér, við höldum því enn þá í skefjum.

En fjölmargt sem hægt væri að segja frá, hér er margt áhugavert að segja frá, verð ég nú að kveðja að sinni, þakka ég fyrir gott hljóð og vona að ég komist síðar að, þakka ég fyrir verið þið sæl.

*Þér fylgir mikil blessun.*

Já takk fyrir. Ég óska ykkur alls hins besta.

*Gangi þér vel með þitt.*

Já þakka þér fyrir

*Og það sem ég vil segja þér er að það er bara þannig að ef einhver mikið hæfur maður reynir að stjórna, hann getur aldrei gert öllum til geðs í sjálfu sér, það er ekki hægt.*

Já það er vel mælt og algjörlega satt, þakka þér fyrir.

*Svo hitt er það að hérna að menn þurfa að átta sig á því að allir einstaklingar hafa svipað tilfinninga líf, svipaðar skynjanir óháð kyni eða litarhætti.*

*Við erum raunverulega innst inni öll eins, menn þurfa aðeins að huga að því líka, það finnst mér. Gangi þér vel.*

Já þakka ég fyrir, þakka ég fyrir, ég kom nú inn á þetta að nokkru leiti en vona að ég komi seinna með fleiri atriði.

Þakka ég fyrir þessa viðbót, verið þið sæl.

*Vertu sæll.*